

Umhverfisstofnun
Áb. _____
14. mars 2017
Tilv. _____



UMHVERFISSTOFNUN

Orkustofnun
Bryndís G. Róbertsdóttir
Grensásvegi 9
108 Reykjavík

Reykjavík 14. mars 2017
UST201703-105/B.S.
10.05.01

Efni: Rannsóknaleyfi - efnistaka – Fossfjörður. Umsögn


Vísað er til bréfs Orkustofnunar dags. 13. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda umsókn.


Sótt er um leyfi til tilraunatöku á 300 m³ af mól og sandi út af mynni Fossár í botni Fossfjarðar við Arnarfjörð.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við fyrirhugaða sýnatöku þar sem um er að ræða lítið magn á afmörkuðu svæði.

Umhverfisstofnun telur að ef sýnataka leiði til frekari efnistöku á þeim stað sem hér um ræðir ætti að kanna hvort kalkþörungaset sé að finna á eða nærri fyrirhuguðu efnistökusvæði. Samkvæmt skýrslum OSPAR-nefndarinnar eru kalkþörungar við N-Atlantshaf í talsverðri hættu vegna stórfellds kalkþörunganáms. Í skýrslum OSPAR kemur einnig fram að kalkþörungar séu sérstaklega viðkvæmir fyrir leðju sem þyrtað er upp við efnistöku á hafsbotni. Því ætti að mati stofnunarinnar að leitast við að finna efnistökusvæðum stað þar sem áhrif á lífríki Fossfjarðar verða sem minnst.

Virðingarfyllt


Björn Stefánsson
Sérfræðingur


Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir
Teymisstjóri